

Sambandið við Ísland styrkt

Grunda.Pol og samstarfsaðilar, félögin Association Pierre Loti Paimpol og Les Amis de l'Abbaye de Beauport, skipulögðu röð viðburða til að kynna Ísland, íslenskar bókmenntir, íslensk efnahagsmál og þau sögulegu vensli sem tengja Ísland um hafið við Paimpol og nágrenni. Af þessu tilefni urðum við þeirrar ánægju aðnjótandi að taka á móti sextán íslenskum vinum frá Grundarfirði og Reykjavík heima hjá meðlimum okkar. Mikið var fjallað um þessa viðburði í fjölmiðlum og það sýnir okkur sem stóðum fyrir viðburðunum að raunverulegur áhugi er á Íslandi hérna megin Atlantsála sem síst fer minnkandi með árunum.

Þrír mikilvægir viðburðir stóðu upp úr í heimsókninni

- Bæjarstjóri Paimpol, Jean-Yves de Chaisemartin, tók á móti íslensku fulltrúunum á lýðveldisdaginn, 14. júlí, í ráðhúsinu. Eyþór Garðarsson, forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði, og Eygló Bára Jónsdóttir, forseti Grunda.-Pol á Íslandi, færðu Paimpol-bæ að gjöf útskorið líkan af Kirkjufelli, fjallinu sem gnæfir yfir bæinn og er öllum ógleymanlegt sem sækja vinabæ okkar heim. Einnig var haldin önnur móttaka, lautarferð að bretónskum hætti, heima hjá forseta félagsins, Christine Floury, og eiginmanni hennar, Joseph Floury.
- Styttan Ekkjur Íslandssjómannanna í Lann Vras í bænum Ploubazlanec var vígð þann 15. júlí og var það tilfínningabrungin stund bæði fyrir íslensku og frönsku fulltrúana.
- Sendiherra Íslands í Frakklandi, Kristján Andri Stefánsson, var viðstaddur hátíð Íslandssjómannanna þann 16. júlí og setti það opinberan blæ á þetta framtak Grunda.Pol. Sendiherrann var síðan við messu og einnig þegar blómsveig var varpað í höfnina til minningar um drukknada sjómenn. Loks héldu Catherine Alain, aðstoðarmaður bæjarstjóra, Éric Botherel þingmaður og Christine Floury honum móttöku í ráðhúsinu.

Bókmenntir og efnahagslíf

Íslenskar bókmenntir áttu sér fulltrúa á viðburðunum. Þeir voru Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur og þýðandi hennar, Éric Boury, sem kynnti síðustu bók hennar og fyrstu sögulegu skáldsögu, Reisubók Guðríðar Símonardóttur (sem á frönsku heitir L'esclave islandaise). Catherine Eyjólfsson, þýðandi íslenskra bókmennta á frönsku, sem býr á Íslandi, heiðraði okkur með nærveru sinni.

Gérard Lemarquis, frönskukennari og blaðamaður, fjallaði um íslenskt efnahagslíf og stýrði í léttum dúr ráðstefnu um ótrúlega endurreisn íslensks efnahagslífs eftir þrengingarnar 2008. Ferðaþjónusta leikur æ stærra hlutverk í efnahagslífinu en Lemarquis fullvissaði áheyrendur um að þeir hefðu ekkert að óttast, efnislega sagði hann að Ísland hefði ekki tapað einkennum sínum þótt ferðamenn yrðu þar æ fleiri. Niðurstaðan væri sú að menn ættu þangað erindi sem aldrei fyrr.

Í röð þriggja fyrirlestra um tengsl Íslands og Paimpol-svæðisins var fjallað um sagnfræðileg efni tengd hafinu:

- Pierre Guérin hélt erindi sem hann kallaði: „Rétt sagnfræði um Íslandssjómennina í bók François Chappé „Paimpol, la république et la mer (1880-1914)“ [Paimpol, lýðveldið og hafið (1880-1914)] og uppspuni í skáldsögu Pierres Loti „Pêcheur d'Islande“ [Á Íslandsmiðum]“.
- Annie-Claude Ballini sagði frá því hvaða álit Mélanie Morand, en hún var frá Paimpol, hafði á rithöfundinum Pierre Loti eftir að hann hafði komið til Paimpol.
- Pierre Kerlévéo og Amélie Desouche kynntu niðurstöður rannsókna sinna á Íslandssjómönnum frá Paimpol sem drukknðu á tímum veiðanna miklu við Ísland.

Grunda.Pol gleymdi ekki listinni og skipulagði tvær sýningar:

-

Önnur kallaðist „Ísland á vængjum“ og á henni voru sýndar myndir sem dýraljósmyndarinn Pierre Delaguetto tók af farfuglum árið 2014

-

og hin var sýning myndlistarkonunnar og málaraans Josée Conan sem sýndi og kynnti japanska tækni, gyotaku, sem hún notaði til að þrykkja far eftir fiska, þegar hún dvaldist í þrjár vikur í Grundarfirði árið 2016.

Til að fá frekari upplýsingar (á frönsku), ýtið hér (í vinnslu). Áslog Marinósdóttir þýddi textann á íslensku. »